



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Umsjónarmaður skóla

Starfsheiti: Umsjónarmaður skóla

Næsti yfirmaður: Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri skv. skipuriti skóla

ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Sér um fasteignir og búnað í skólanum.
- Beittir sér fyrir hagkvæmum rekstri á þeim liðum sem hann ber ábyrgð á.
- Sér um að vinnustaðurinn sé aðlaðandi og aðgengilegur fyrir alla.
- Hefur eftirlit með gæðum ræstingar.
- Er verkstjóri skólaliða og starfsmanna skóla samkvæmt ákvörðun skólastjóra og ber ábyrgð á skráningu vinnutíma þeirra gagnvart skólastjóra.
- Tekur þátt í því uppeldisstarfi sem fram fer innan skólans þar sem áhersla er lögð á vellíðan nemenda.

HELSTU VERKEFNI:

- Sér um að húsnæði, allur búnaður og lóð skólans séu ávallt í aðlaðandi og fullnægjandi ástandi og aðgengilegt fyrir starfsfólk og nemendur.
- Sér um að skólahúsnæði sé opið við upphaf skóladags og ber ábyrgð á frágangi húsnæðis í lok skóladags.
- Hefur umsjón með öryggis- og eftirlitsbúnaði. Sinnir almennu viðhaldi og/eða kallar til iðnaðarmann eftir því sem við á í samráði við skólastjóra og viðhaldsfulltrúa Fasteignastofu.
- Sér um að lýsing og hiti skólahúsnæðis sé fullnægjandi, og gætir hagkvæmis í orkunotkun.
- Sér um innkaup á ræstingarvörum og öðru er varðar verksvið viðkomandi í samræmi við rekstraráætlanir.
- Vinnur að viðhaldsáætlun fyrir skólahúsnæðið í samvinnu við skólastjórnendur og Fasteignastofu og fylgir eftir verkframvindu.
- Veitir fyrstu hjálp ef slys ber að höndum.
- Hefur eftirlit með nemendum þegar aðstæður kalla á slíkt og leiðbeinir þeim í samskiptum við aðra nemendur og starfsfólk skólans.

Til viðbótar eru önnur þau störf er starfsmanni kunna að vera falin af skólastjóra og falla innan verkswiðs viðkomandi starfsmanns.